

Nd.

998. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Aflað var umsagna félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Landsbankans, Samvinnubankans, Verslunarbancans, Alþýðubancans og Búseta um frumvarpið.

Túlkun félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis á lögnum um húsnæðissparnaðarreikninga er ósamhljóða og meðan svo er eru lögin óvirk. Bankarnir benda á að skv. lögnum sé binditími of langur til þess að húsnæðissparnaðarreikningar séu aðlaðandi fyrir innleggjendur.

Fyrsti minni hl. telur óhjákvæmilegt að lögnum um húsnæðissparnaðarreikninga verði breytt og viðkomandi ráðuneyti komi sér saman um túlkun laganna. Því telur 1. minni hl. rétt að málið hljóti viðeigandi undirbúning í sumar og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Páll Pétursson,
form.